

## KONUNGLEG AUGLÝSING

71

7. marz

um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Eftir að Vér erum aftur heim kominn úr ferð Vorri til útlanda kunngjörum Vér hérmeð Vorum kæru og trúu þegnum, að Vér höfum í dag sjálfur tekið við ríkisstjórninni, sem Vér 5. f. m. samkvæmt lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga 30. nóvember 1918, höfðum falið á hendur í fjarvist Vorri hans konunglegu tign ríkisarfa Christian **Frederik** Franz Michael Carl Valdemar Georg.

*Gjört í Kaupmannahöfn, 7. marz 1935.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## OPIÐ BRÉF

72

16. marz

um að hans konunglega tign Haraldur, prins af Danmörku, sé settur ríkisstjóri.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Þareð Vér höfum í hyggju að ferðast til útlanda, og með því að hans konunglega tign ríkisarfi þá um leið dvelur erlendis, setjum Vér ríkisstjóra, samkvæmt 1. gr. í lögum 11. febrúar 1871, um ríkisstjórn er svo stendur á að konungur er ekki orðinn fulltiða, eða er sjúkur eða fjarverandi, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga, bróður Vorn elskulegan, hans konunglegu tign prins **Harald** Christian Frederik, og hefir hann ríkisstjórn á hendi í Voru nafni frá þessum degi, þangað til Vér komum heim aftur.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 16. marz 1935.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*